



Laust starf í félagslegri heimaþjónustu

Upphaf starfs:	1. janúar 2022.
Starfshlutfall:	50-80% starfshlutfall.
Starfsheiti:	Heimaþjónusta II.
Lýsing á starfinu:	Starfsfólk heimaþjónustu sinnir því mikilvæga hlutverki að aðstoða fólk svo það geti búið sjálfstætt sem lengst á eigin heimili. Veitt er aðstoð við heimilishald, þvott, verslunarferðir o.fl. Hluti af starfinu felst jafnframt í að rjúfa félagslega einangrun og auka þátttöku notenda í samfélaginu.
Menntunarkröfur	Almenn menntun, félagsliðamenntun er kostur. BÍlpróf.
Hæfniskröfur:	Reynsla af heimaþjónustu, stuðningsþjónustu eða sambærilegum störfum er kostur. Mikilvægir eiginleikar eru stundvísi, sveigjanleiki, samviskusemi, lipurð og jákvætt viðhorf til fólks og vinnu sinni. Grunnkunnátta í íslensku.
Aðrar kröfur:	Sveitarfélagið Skagafjörður ræður engan til starfa í félagsþjónustu sveitarfélagsins nema viðkomandi sé með hreint sakavottorð sambærilegt því sem lög krefjast vegna starfa í þjónustu í málefnum fatlaðs fólks og vegna starfa með börnum í grunn- og leikskólum sem og æskulýðs- og íþróttastarfi. Krafist er þess að starfsmaður félagslegrar heimaþjónustu hafi afnot að eigin bíl.
Launakjör:	Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
Umsóknarfrestur:	Er til og með 12. desember 2021.
Nánari upplýsingar:	Margrét Petra Ragnarsdóttir, félagsráðgjafi, í síma 455-6000 eða margret@skagafjordur.is .
Umsóknir:	Umsóknum er greina frá menntun og fyrri störfum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Heimaþjónusta er þjónustustarf sem unnið er inni á heimili eða daglegu umhverfi þjónustuþega og byggir á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Starfið felst í almennum heimilisstörfum sem notandinn getur ekki leyst af hendi sjálfur og nauðsynlegu liðsinni sem stuðlar að því að auka virkni og rjúfa félagslega einangrun. Öll heimaþjónusta skal veitt af virðingu fyrir notandanum og í samráði við hann.